

Nd.

841. Nefndarálit

um frumvarp til laga um áhrif kjötverðs á framfærsluvisitölu.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta var upphaflega samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin hinn 29. september á næstliðnu ári. Ekki verður sagt, að það hafi siglt hraðbyri gegnum löggjafarsamkomuna. Það var tekið til 1. umræðu í efri deild 8. okt. 1945, en er nú, meira en hálfu ári síðar, eigi komið lengra áleiðis en svo, að fyrstu umræðu um það í neðri deild er lokið.

Með útgáfu þessara bráðabirgðalaga hefur ríkisstjórnin tekið upp nýja aðferð við niðurgreiðslu á kjötverði úr ríkissjóði. Áður hefur þessu verið hagað svo, að ríkissjóður hefur greitt þeim verzlunum, er kjöt selja, nokkurn hluta af verði þess. Þetta var einfalt og auðvelt í framkvæmd. Þannig hefur einnig verið hagað niðurgreiðslu á mjólkurverði og er enn. Um leið og þessi fyrirkomulagsbreyting á niðurgreiðslu kjötverðsins var gerð, var nokkur hluti neytenda útilokaður frá því að fá niðurgreiðslurnar úr ríkissjóði. Eru það m. a. þeir, sem hafa sauðfjárrækt að atvinnu að meira eða minna leyti. Sjálfsgætt eru mörg dæmi þess, að menn þurfa að kaupa kjöt til heimila sinna, þótt þeir eigi sjálfir fáeinar kindur, og er þá ekki sanngjarnt, að þeir þurfi að borga það kjöt miklu hærra verði en aðrir. Þá er einnig ákveðið í lögnum, að atvinnurekendur, sem hafa 3 menn eða fleiri í þjónustu sinni, skuli ekki hafa rétt til niðurgreiðslu á kjötverði. Þetta ákvæði og framkvæmd þess hefur valdið alveg óviðunandi misrétti.

Flestir stærstu atvinnurekendurnir hér á landi hafa stofnað hlutafélög um rekstur sinn. Svo er t. d. yfirleitt um togaraútgerðarmenn. Flestar heildverzlanir og margar smásöluverzlanir eru líka reknar af hlutafélögum, svo og mörg stærri iðnaðarfyrirtæki. Mörg af þessum hlutafélögum eru að mestu eign einnar fjölskyldu eða mjög fárra manna. Aðaleigendur hlutafélaganna eru svo venjulega forstjórar og starfsmenn hjá þessum félögum sínum. Þar með eru þeir sjálfir orðnir launþegar en ekki atvinnurekendur, og lenda þá sólskinsmegin hjá ríkisstjórninni. Margir af þessum framkvæmdastjórum og eigendum hlutafélaga, sem reka verzlun, útgerð, iðnað og margs konar kaupþýslustarfsemi, eru í hópi tekjuhæstu manna

landsins, en þeir fá borgaðan kjötstyrkinn úr ríkissjóði samkv. bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar.

Svo eru aftur aðrir atvinnurekendur, sem njóta minni hylli hjá valdhöfunum. Það eru þeir, sem ekki hafa stofnað hlutafélög, en reka atvinnu á eigin nöfnum. Þeir ábyrgjast reksturinn með öllum eignum sínum, en það er sjaldgæft með eigendum hlutafélaganna, sem venjulega leggja aðeins nokkuð af eignum sínum fram sem hlutafé, en setja ekki alla fjármuni sína í hættu við reksturinn. Yfirleitt eru það hinir smærri atvinnurekendur, sem hafa reksturinn á eigin nöfnum, en hafi þeir 3 menn eða fleiri í vinnu, fá þeir engan kjötstyrkinn. Þeim er refsað með bráðabirgðalögum fyrir að hafa ekki stofnað hlutafélög um þann atvinnurekstur, sem þeir hafa með höndum.

Með þeirri sundurgreiningu atvinnurekenda, sem byggð er á þessum bráðabirgðalögum og hér hefur verið lýst, eru svo margir menn rangindum beittir, að enginn, sem fremur vill vinna að réttlæti en ójöfnuði í þjóðfélaginu, getur veitt slíku máli stuðning.

Ríkisstjórnin mun telja, að með þessum aðferðum sparist ríkissjóði nokkurt fé. En ekki er það allt hreinn hagnaður, því að framkvæmd laganna hefur tvímæla- laust mikinn kostnað í för með sér. Skal nú nokkuð að því vikið, hvernig framkvæmdinni hefur verið hagað í höfuðstað landsins, þar sem flestir kjötkaupendur eru saman komnir á einn stað.

Samkvæmt 4. gr. laganna er það verk skattanefnda eða skattstjóra í hverju umdæmi að semja skrár yfir þá, sem rétt hafa til niðurgreiðslu. Þetta er mikið starf og að sjálfsögðu mest í Reykjavík. Eftir að skattstjóri hafði lokið við að gera kjöt- skrána, var hún lögð fram almenningi til sýnis um nokkurt skeið, eins og venjulegt er um kjörskrár og skattaskýrslur.

Næsti þáttur málsins er sá, að ríkisstjórnin lætur prenta eyðublöð í tugþús- unda tali, útbúin af visindalegri nákvæmni. Er síðan tilkynnt, að menn geti fengið þessi blöð í kjötverzlunum bæjarins, og voru þau látin ókeypis.

Síðan er auglýst í ríkisútvarpinu og öllum blöðum höfuðstaðarins, að þeir, sem óska niðurgreiðslu á kjötverði, skuli skila nefndum skýrsluformum, vandlega útfylltum, á skrifstofu tollstjóra fyrir ákveðinn dag. Er nú uppi fótur og fit, og skýrslublöðin streyma í þúsundatali til tollstjóraskrifstofunnar. Er mikið lagt á starfslið þeirrar stofnunar að taka á móti öllu þessu, til viðbótar þeim störfum, sem þar eru venjulega unnin. Var þá gripið til þess ráðs að láta milli 10 og 20 af starfsmönnum tollstjóra vinna við kjötskýrslurnar í eftirvinnu dag hvern um all- langan tíma, oft allt til miðnættis, fyrir 15 króna kaup á klukkustund. Kom það í ljós, þegar farið var að yfirfara skýrslurnar, að meiri hluta skýrslugefenda hafði ekki tekizt að útfylla þær að öllu leyti eftir „kunstarinnar“ reglum. Þurfti þá að lagfæra skýrslurnar, en auk þess að raða þeim og bera saman við kjötskrárnar frá skattstofunni. Er vel skiljanlegt, að hér var ærið starf og vandasamt, sem hlaut að taka langan tíma og hafa mikinn kostnað í för með sér.

Loks rennur upp sá dagur, er starfsmenn tollstjóra hafa lokið við að yfir- fara allar kjötskýrslurnar, raða þeim og undirbúa niðurgreiðsluna. Þá eru enu birtar auglýsingar í ríkisútvarpi og blöðum, og nú má sjá mikla mannaferð í kring- um skrifstofu tollstjóra, því að útborgun er hafin. Hér eru menn afgreiddir eftir stafrófsröð.

En margir komumanna verða fyrir vonbrigðum. Þeir fá ekkert borgað, þótt þeir hafi sent skýrsluformið á réttum tíma, réttilega útfyllt og að viðlögðum dreng- skap, því að nöfn þeirra finnast ekki á sjálfri kjötskránni. Starfsmenn tollstjóra geta vitanlega engar upplýsingar gefið, því að skattstofan samdi skrána. Þessir menn verða því að beina för sinni á skattstofuna, til þess að fá skýringar, og starfs- lið þeirrar stofnunar hefur mikið að gera þá dagana. En vilji menn ekki una við úrskurð skattstjóra, geta þeir að síðustu farið til yfirskattanefndar, sem er hæsti-

réttur í þessum efnum, og reynt að fá þar leiðréttingu mála sinna. Vafalaust hafa einhverjir haldið alveg á leiðarenda, til yfirskattanefndarinnar, en sennilega hefur útkoman orðið sú hjá ýmsum af gulleitarmönnum, að þeir hafa haft hlaup, en ekkert kaup.

Hinir, sem eru svo hamingjusamir að vera á kjötskránni og hafa öll sin plögg í lagi, fá tékkávisun á einhvern bankann. En slík var fyrirhyggja stjórnarvaldanna, að prentuð voru sérstök bankaávisanahefti í stóru upplagi til að nota við þetta tækifæri, og voru þau frábrugðin þeim ávisanaheftum, sem viðskiptamenn bankanna nota venjulega. Síðan er farið með ávisanirnar í bankana, en þar hafa bókarar og gjaldkerar óvenjulegt annriki þá dagana, sem þessar ávisanir eru út gefnar.

Eftir að þetta allt er skeð, hafa menn loks peningana í höndunum. En ekki er þetta hreinn ágóði hjá öllum, því að langur tími hefur eyðzt í rangl á milli ríkisstofnananna, og margir hafa orðið að sleppa vel borgaðri vinnu þær stundirnar. Þrátt fyrir það geta menn þó haldið heim með peningana, sigurglaðir, og byrjað að safna kröftum fyrir næstu göngur.

Svipað mun að segja af gangi þessara mála annars staðar á landinu, þar sem skattanefndir, sýslumenn, hreppstjórar og kjötkaupendur hafa staðið í ströngu við að semja kjörskrár, útfylla skýrslur, borga út kjötstyrkinu og veita honum viðtöku. En auðvitað er þessi nýsköpun mikilfenglegust í sjálfri höfuðborginni.

En þrátt fyrir öll þau umsvif, sem framkvæmd þessara bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar fyrir tímabilið 20. sept. til 20. des. s. l. hefur þegar valdið, og sem hér er að nokkru lýst, getur svo farið, að enn séu ekki öll kurl komin til grafar.

Í 1. grein bráðabirgðalaganna ræðir um nýtt og saltað dillakjöt, hangikjöt og vinnsluvörur úr kjöti, en í 2. gr. laganna er ákveðið, að menn fái endurgreiddan mismun á útsöluverði og vísitöluverði þess kjöts, er um getur í 1. grein, þó ekki fyrir meira en 40 kg á mann á ári. Nú mun framkvæmdin á þessu hafa verið þannig, að menn hafa aðeins fengið greiddan mismun á útsöluverði og vísitöluverði á nýju dillakjöti, kr. 4.35 pr. kg, en ekki þann mun, sem er á útsöluverði og vísitöluverði kjöts í öðru ástandi, sem þó er nefnt í 1. gr. laganna.

Samkvæmt blaðafrásögnum og af öðrum upplýsingum er það kunnugt, að maður nokkur í höfuðstað landsins telur sig eiga rétt á meiri greiðslu samkv. bráðabirgðalögunum en hann hefur þegar fengið. Byggir hann þessa skoðun á því, að nokkuð af því kjöti, er hann keypti á fyrrgreindu tímabili, 20. sept. til 20. des. 1945, hafi verið reykt, en munurinn á útsöluverði og vísitöluverði á hangikjöti er miklu meiri en á nýju kjöti, sem niðurgreiðslurnar hafa miðast við.

Maður þessi mun fyrst hafa leitað til tollstjóra með tilmæli um viðbótargreiðslu, en erindi hans verið sent þaðan til viðskiptamálaráðuneytisins, sem svaraði því neitandi. Þá mun viðkomandi hafa snúið máli sínu til fjármálaráðuneytisins, en málinu þar vísað frá, með skírskotun til áður útgefinnar synjunar frá viðskiptamálaráðuneytinu. Er mælt, að nú sé verið að undirbúa málshöfðun á ríkissjóð til þess að fá niðurgreiðsluna á hangikjötsverðinu.

Sennilega hefur ríkisstjórnin frétt um þennan málatilbúnað áður en frumvarp þetta var afgreitt frá háttv. efri deild og því reynt að setja undir leka með því að fá samþykka þá breytingu á 2. gr. frv., að niðurgreiðslan skuli eingöngu miðast við mismun á útsöluverði og vísitöluverði á nýju kjöti. En vitanlega gilda ákvæði bráðabirgðalaganna enn í dag og áfram, þar til Alþingi breytir þeim eða fellir þau úr gildi.

Fari svo, að mál verði höfðað gegn ríkissjóði út af þessu og málshöfðandi vinni það fyrir dómstólunum, má búast við, að margir telji sig eiga erindi á ríkisskrifstofur til þess að bera þar fram sams konar kröfur, því að mörgum þykir hangikjöt ljúffeng fæða og kaupa nokkuð af þeirri vöru. Ef svo fer, mun hefjast önnur útborgun hjá tollstjóra fyrir tímabilið 20. sept.—20. des. 1945, og geta þá nokkrir af starfsmönnum ríkisins vænt þess að fá riflega borgaða eftirvinnu við að yfirlita hangikjötsskýrslur fyrir ríkisstjórnina.

Til nánari skýringar á þessu máli læt ég fylgja hér með nefndaráliti mínu eitt af kjötskýrslueyðublöðum ríkisstjórnarinnar. Ætti það að nægja til þess að færa háttv. þingmönnum heim sanninn um það, að vel og ötullega er nú unnið að nýsköpun á sviðum skýrslugerðar og skrifstofumennsku undir forustu ríkisstjórnarinnar.

Þrátt fyrir allar skriftirnar er engin trygging fyrir því, að niðurgreiðslurnar til manna séu í réttu hlutfalli við kjötkaup þeirra, og raunar vissa fyrir, að svo er ekki. Fáir munu hafa svo fullkomið heimilishókhald, að þeir geti gefið nákvæmar skýrslur um, hvað þeir hafa keypt mörg kg af kjöti á ákveðnu tímabili, og hljóta því margar kröfurnar að byggjast á ágizkunum.

Við nánari athugun þessa máls í vetur munu ráðherrarnir og stuðningsmenn þeirra hafa komið að þeirri niðurstöðu, að það væri enn ekki komið í æskilegasta horf. Þeir gerðu því nokkrar breytingar á frumvarpinu við síðustu umræðu þess í efri deild. Er nú gert ráð fyrir, að kjötstyrkirnir verði framvegis útborgaðir á manntalsþingum og að allir, sem eru á kjötskránum fái jafnháa upphæð á mann, hvort sem þeir kaupa mikið, lítið eða ekki neitt af kindakjöti.

Engu skal hér um það spáð, hvort við svo búið verður látið standa eða þeir, sem nú stjórna þessum málum, halda áfram að leita að nýjum aðferðum við niðurgreiðsluna á kjötverðinu.

Nokkrir menn hafa fengið kjarabætur vegna þessara bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar og aðgerða verðlagsnefndar landbúnaðarafurða, sem hið stjórnskipaða búnaðarráð kaus á næstliðnu sumri. Það eru eigendur kjötverzlana. Um kjötið gildir sama og aðrar vörur, að verzlunarálagning á það er miðuð við verð þess. En vegna breytingarinnar á fyrirkomulagi niðurgreiðslanna er kjötið nú selt fullu verði frá verzlunum og álagning þeirra miðuð við heildsöluverðið. Áður var aðeins leyft að reikna álagningu á heildsöluverðið að frádregnu ríkisframlaginu. En auk þess hækkaði verðlagsnefndin álagninguna s. l. haust úr 13% í 14%. Útkoman af þessum breytingum er sú, að kjötverzlarnir fá nú kr. 1.33 fyrir að selja hvert kg dilkakjöts frá s. l. hausti, en fengu aðeins 75 aura á kg árið áður. Þetta er 58 aura hækkun á kg, eða um það bil kr. 8.00 á hvern dikksskrokk að meðaltali. Útlit er fyrir, að þessi hækkun verzlunarálagningar á kjötið frá s. l. hausti nemi samtals nálægt 3 milljónum króna. En á sama tíma sem þessar ráðstafanir eru gerðar er framleiðendum kjötsins skammtað lægra verð fyrir það en þeim ber samkvæmt vísitölu landbúnaðarins.

Ég tel, að meðan þessum niðurgreiðslum er haldið áfram, sé rétt að haga þeim á sama hátt og upphaflega var gert, þ. e. að þeir, sem annast kjötsöluna, fái hluta af verði kjötsins greiddan úr ríkissjóði, og söluverðið til neytenda sé þá þeim mun lægra. Þetta er fyrirhafnarlítið, og með þessari tilhögun er líka tryggt, að niðurgreiðslurnar fari nákvæmlega eftir því, hvað mikið er keypt af kjöti.

Ríkisstjórnin hefur nýlega fengið samþykkt lög, er heimila henni að verja fé úr ríkissjóði enn um sinn til þess að halda niðri vísitölunni, og getur hún greitt hluta af kjötverðinu samkvæmt þeim lögum, hvað sem um þetta frumvarp verður.

Hér hefur að nokkru verið lýst því ranglæti, þeirri miklu fyrirhöfn og skriffinnsku, sem þessi bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar hafa valdið. Ég er í andstöðu við allt þetta og legg því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 15. apríl 1946.

Skúli Guðmundsson.

Fylgiskjal.

Krafa
um endurgreiðslu úr ríkissjóði á hluta af kjötverði.

Ég undirritaður
Nafn

Staða Heimili
leyfi mér hér með, í tilefni af kröfu minni um, að ríkissjóður endurgreiði mér hluta af kjötverði, samkvæmt lögum nr. 81 29. sept. 1945, að taka fram eftirfarandi.

Á framfæri mínu eru:

Nafn	Staða og heimili	Fæðingarár
.....
.....
.....
.....
.....

Ég hef á tímabilinu
keypt kindakjöt sem hér segir:
Nýtt dilkakjöt kg
Saltað dilkakjöt
Hangikjöt
Þetta kjöt hef ég keypt hjá
Kjöt þetta hef ég eingöngu notað til heimilis míns.

Ég hef á tímabilinu
keypt tilbúinn mat, þar á meðal kjöt hjá
og greitt fyrir mánaðarlega

Ég legg við drengskap minn að skýrsla þessi er rétt.

Undirskrift

Ríkissjóður hefur í dag endurgreitt mér hluta af kjötverðinu kr.,
sem hér með kvittast fyrir.